

Mikilsverð bókmentasýning

Guðmundur Davíðsson á Hraunum, kunnur gáfumaður, bróðir fræðimannsins Ólafs heit ins Davíðssonar, hefir gefið út bók sem óhætt er að kalla stórmerkilega. Það má jafnvel kveða svo ríkt að orði að þessi litla bók sje, að svo stöddu, einstæð í bókmentum jarðar vorrar. Guðmundur Davíðsson hefir um allmögur ár ritað ósjálfrátt, og ritast hafa lýsingar á lífinu eftir dauðann. Að vísu kemur mjög viða fram í lýsingum fram liðinna á lífinu „hinu megin“, að það er í raun rjettri, líkamlegt líf á öðrum jörðum, sannarlegt framhald af lífinu hjer á jörðu. En þó hefir það hvergi verið beinlínis sagt, og menn hafa ekki skilið þetta, sem er þó svo afarþýðingarmikið að vita. En í því sem ritast hefir hjá Guðmundi hefir tekist að fá þetta sagt berum orðum. Er óhætt að segja að hverjum hugsandi manni mun finnast mikið um þessar lýsingar, og ekki ólík

legt að þeir verði margir sem fýsir að lesa bókina. — Einn af sambandsvinum Guðmundar skrifar: „Jeg er að undirbúa mig til þess að verða garðyrkju maður“. Minnir þetta á að fram liðinn segir við enska prestinn D. Thomas, að garðyrkja sjemjög mikilsmetið starf hjá þeim barna hinu megin. En þó skildi síra Thomas ekki, að verið var að segja frá líffí á annari jörð, og jafnvel ekki þó að framlöðinn sem hann hefir samband við, komist einu sinni svo langt að hann segir „our planet“, (vor jörð) (D. Thomas: Life Beyond Death etc., '28, s.169). Áhuginn á þessum efnunum mun verða mik ill, þegar menn fara að skilja hvað það býðir fyrir þá sjálfa að vita hið rjetta, og lýsingar á lífinu eftir dauðann, munu verða mjög mikill og merkilegur þáttur í bókmentum framtíðarinnar. — Jeg býst við að rita seinna nánar um þessa merkilegu bók og það framhald sem jeg vona að verði. Þessar línum eru aðeins ætlaðar til að vekja athygli á útkomu bókarinnar.

30. nóv.

Helgi Pjeturss.

Mei 1929